

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	8.1.2018
Málsnr:	1211376
Bréfal:	512



Skipulagsstofnun

Hafnarfjarðarbær, umhverfis- og skipulagsþjónusta
 Berglind Guðmundsdóttir
 Norðurhellu 2
 220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 3. janúar 2018

Tilvísun: 201712050 / 3.2

Efni: Lýsing - Lega Ásvallabrautar og tenging við Kaldárselsveg

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. desember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. í nóvember 2017 vegna breytingar á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er Ásvallabraud milli Skarðshlíðar og Kaldárselsvegar og felst breytingin í því að fella burt aðra af tveimur tengibrautum þannig að eftir standi ein tengibraut. Einnig er tengingu Ásvallabrautar, Kaldárselsvegi og Elliðavatnsvegar breytt og gert ráð fyrir hringtorgi. Þá er legu Kaldárselsvegar lítillega breytt sem og tengingu við íbúðarsvæðið í Mosahlíð.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsingu skipulagsverkefnisins en bendir á eftirfarandi:

Í breytingartillögnum þarf að skýra nánar af hverju ekki er lengur talin þörf á tveimur tveggja akreina vegum sbr. texta í kafla 1.1 þar sem segir að aðeins sé tekið frá landrými fyrir tveggja akreina veg þar sem ekki sé talin þörf á meiru. Þá ætti að taka fram hvað breytingin er á löngum kafla í hverfinu.

Í kafla 3 er umfjöllun um hvernig staðið verður að mati á áhrifum breytingarinnar. Að mati Skipulagsstofnunar er full mikil umgjörð í kringum umhverfismatið með hliðsjón af því hvað felst í breytingunni. Miðað við forsendur skipulagsbreytingarinnar í kafla 2 virðist breytingin einkum hafa áhrif á aðgengi eða samfélag (samgöngur) og hljóðvist. Hvað varðar áhrif á landslag/ásýnd og gróður er það ekki aðeins vegurinn heldur byggðin beggja vegna vegarins sem hefur áhrif. Ef engar skráðar minjar eru innan áhrifasvæðis Ásvallabrautar nægir að tilgreina að svo sé en ekki er þörf á að gera meira úr þeim umhverfisþætti. Almennt ætti að vinsa betur frá þá þætti sem skipta minna máli í umfjöllun um umhverfisáhrif og beina meginumfjöllun að þeim þáttum sem skipta mestu máli í þessu tilliti, sem og aðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum eða ýta undir jákvæð áhrif.

Bent er á að taka fram í skipulagsgögnum að tillaga að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi Ásvallabrautar séu auglýstar samhliða.


 Birna Björk Árnadóttir